

Aðalfundur 2010

Aðalfundur SFA kl. 17:00, 6.maí 2010, haldin á Hótel Northern Light Inn, Grindavík.

Hulda Björn Þorkeldsdóttir, formaður, setti fund, kynnti nýjan félag, Heiðrúnu Dóru Eyvindardóttur og bauð hana velkomna. Fundarmenn kynntu sig síðan skv. venju.

Hulda Björk gerði tillögu um að Anna Sigríður Einarsdóttir yrði fundastjóri og Stefanía V. Gísladóttir fundaritari. Var það samþykkt.

1. Hulda Björk, formaður flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er á vefsíðu félagsins.
2. Reikningsuppgjör, Pálína gjaldkeri fór yfir **ársreikninga** og voru þeir samþykktir..
3. Lagabreytingar voru engar.
4. Kosning formanns og stjórnar.

Stjórn gaf kost á sér áfram, var það samþykkt samhljóða.

5. Endurskoðendur, Óskar Guðjónsson og Erla Kristín Jónsdóttir verða áfram endurskoðendur.

6. **Fjárhagsáætlun.** Pálína lagði til hækkun á félagsgjaldi á næsta ári. Var það samþykkt, verður ársgjaldið kr. 7.500 auk sendingarkostnaðar.

7. Hulda Björk kynnti vinnu við nýja vefsíðu félagsins sem áætlað er að verði opnuð í haust.

Önnur mál.

Niðurskurður. Umræða fór fram um hvernig forstöðumenn tækju á niðurskurði. Hvað er skorið niður? Forstöðumenn voru sammála að mikill niðurskurður hefði orðið á sama tíma og miklar hækkanir hafa orðið. Flestir draga úr tímaritakaupum, myndböndum og bókum á erlendum málum. Einnig verða einhver söfn lokuð í sumar og laugardagsopnun tekin af yfir sumarið. Starfsmenn hafa einnig unnið við að finna sparnaðarleiðir. Einnig hefur verið farið í að endurskoða ræstingu, rafmagnsnotkun og yfirvinna endurskipulögð, starfsfólk tekur yfirvinnu út í fríi. Umræða fór fram um hvort eða hvernig gengur að koma þessu upp aftur eftir kreppu. Í Fjarðarbyggð tóku söfnin að sér auka þjónustu fyrir sveitarfélagið sem kom á móti niðurskurði. Bókaplast er dýrt, meira er um að bækur séu óplastaðar. Ýmsir nota strikamerki aftur, umræða varð um hvort það ruglaði gagnagrunninn.

Bókaútgáfa. Er bókaútgáfan að dreifast á árið? Þetta virðist aðallega vera kiljuútgáfa og ekki endanlega hrein viðbót. Fyrirspurn var send á Forlagið um málið, en þeir hafa ekki svarað erindinu enn.

Útsölu. Hvaða áhrif hefur það að bók sem kemur út í desember er komin á útsölu í janúar – febrúar? Hefur þetta áhrif á innkaupastefnur safna.

Fundi slitið kl. 18:57